

Fjarðabyggð  
Hafnargötu 2  
730Reyðarfjörður

Reykjavík 2. júlí 2019  
UST201905-305/F.T.  
08.03

**Efni: Málslok**

Umhverfisstofnun vísar í bréf dags. 27. maí sl. þar sem stofnunin áformaði að áminna rekstraraðila vegna vegna vanskila á útstreymisbókhaldi fyrir árið 2018. Rekstraraðili hefur nú skilað yfirlýsingu þess efnis að losun efna sem mæld hafi verið frá urðunarstaðnum hafi ekki náð þeim mörkum sem tilgreind eru í II. viðauka í reglugerð (EB) nr. 166/2006.

**Umhverfisstofnun hafa borist fullnægjandi upplýsingar um úrbætur og telst frávíkunum lokið.**

Gjald fyrir vinnu sérfræðings við eftirfylgni vegna frávika frá ákvæðum starfsleyfis verður innheimt samkvæmt gjaldskrá Umhverfisstofnunar nr. 535/2015, með síðari breytingum. **Gjaldið er 13.200 kr.**

Umhverfisstofnun bendir á að bréf þetta verður birt á heimasíðu stofnunarinnar.

Virðingarfyllt



Skúli Þórðarson  
sviðsstjóri

Frigg Thorlacius  
Frigg Thorlacius  
lögfræðingur